

Erindisbréf endurskoðunarnefndar Íslandsbanka hf.

Stjórn Íslandsbanka hf. skipar endurskoðunarnefnd í samræmi við 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Hlutverk nefndarinnar er að aðstoða stjórn bankans við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við birtingu fjárhagsupplýsinga, innra eftirlit, endurskoðunarferlið og eftirlit bankans með hlítni við lög og reglur ásamt siðareglum bankans. Verkefni endurskoðunarnefndar ná til móðurfélagsins, dótturfélaga þess og samstæðunnar í heild sinni.

1. Samsetning

- 1.1. Endurskoðunarnefnd skal vera skipuð þremur einstaklingum, sem allir eru stjórnarmenn í bankanum. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum bankans og skal meirihluti nefndarmanna jafnframt vera óháður bankanum og daglegum stjórnendum hans. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Starfsmenn bankans og dótturfélaga eru ekki hæfir til setu í nefndinni.
- 1.2. Nefndarmenn skulu búa yfir þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og að minnsta kosti einn nefndarmaður skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.
- 1.3. Stjórn bankans skal skipa endurskoðunarnefnd innan eins mánaðar frá aðalfundi bankans.
- 1.4. Nefndin skal fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, Innri endurskoðun og ytri endurskoðendum. Nefndin skal staðreyna að þær upplýsingar sem stjórn fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma.

2. Fundir nefndarinnar og starfshættir

- 2.1. Endurskoðunarnefnd skal koma saman eigi sjaldnar en ársfjórðungslega í tengslum við ársfjórðungsuppgjör og oftast eftir þörfum. Fundir nefndarinnar geta farið fram í gegnum síma eða vefmyndavél sé það nauðsynlegt. Til að fundur sé ályktunarbær þurfa að minnsta kosti tveir nefndarmenn að sitja fundinn. Meirihluta atkvæða þarf til að samþykkja tillögur.
- 2.2. Innri endurskoðandi skal, í samvinnu við formann endurskoðunarnefndar, undirbúa dagskrá funda sem ásamt fundargögnum skal vera aðgengileg nefndarmönnum á vef stjórnar fyrir fundi.
- 2.3. Nefndin skal skipa ritara til ritunar fundargerða. Samþykkt fundargerð skal vera undirrituð af nefndarmönnum sem sátu fund ásamt ritara. Hafi nefndarmaður ekki setið fund þarf hann að staðfesta með undirskrift sinni á fundargerð að hafa kynnt sér efni hennar.
- 2.4. Fundargerðir nefndarinnar og fundargögn skulu vera aðgengileg stjórnarmönnum tímanlega fyrir stjórnarfundi, og þegar þörf krefur, og skulu allir stjórnarmenn fá sömu upplýsingar.

- 2.5. Endurskoðunarnefnd skal bjóða stjórnendum, endurskoðendum og öðrum á fundi sína eftir þörfum til upplýsingagjafar. Nefndin skal einnig halda sérstaka lokaða fundi með ytri endurskoðendum og/eða innri endurskoðanda og til að ræða þau málefni sem nefndin, innri endurskoðandi eða ytri endurskoðendur telja ráðlegt að rædd séu í einrúmi.
- 2.6. Árlega skal nefndin hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, nefndarinnar og ytri endurskoðenda án viðveru daglegra stjórnenda.
- 2.7. Ytri endurskoðendur og innri endurskoðandi skulu vera viðstaddir á stjórnarfundum þar sem hálfársuppgjör og ársreikningar Íslandsbanka eru kynntir og áritaðir.
- 2.8. Við framkvæmd starfa sinna skal endurskoðunarnefnd hafa víðtækan aðgang að gögnum frá stjórnendum og innri og ytri endurskoðendum. Getur nefndin óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá þeim er varða störf hennar.
- 2.9. Nefndin getur kallað sérfræðinga, sem eru óháðir bankanum og daglegum stjórnendum bankans, til ráðuneytis um þau málefni sem heyra undir nefndina á kostnað bankans. Skal nefndin ganga úr skugga um óhæði slíkra sérfræðinga.
- 2.10. Endurskoðunarnefndin ber ábyrgð á þeim þáttum sem fram koma í erindisbréfi þessu, en hún ber ekki ábyrgð á gerð ársreikninga eða endurskoðun þeirra. Stjórnendur bankans bera ábyrgð á gerð ársreikninga Íslandsbanka og framkvæmd innra eftirlits. Ytri endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreikninga Íslandsbanka.
- 2.11. Formaður nefndarinnar skal sjá til þess að nýir nefndarmenn fái leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

3. Upplýsingagjöf og tillögur til stjórnar

- 3.1. Á hverjum reglulegum stjórnarfundum skal nefndin upplýsa stjórn bankans um störf sín, álitaefni sem hún hefur haft til skoðunar og tillögur þeim tengdar undir dagskrárlíðnum „upplýsingar af nefndarfundum“.
- 3.2. Nefndin skal að lágmarki árlega gefa stjórn félagsins skýrslu um helstu viðfangsefni nefndarinnar á starfsárinu.
- 3.3. Endurskoðunarnefnd ber að framkvæma árangursmat á störfum nefndarinnar, einstakra nefndarmanna og samsetningu nefndarinnar eigi sjaldnar en árlega og upplýsa stjórn um niðurstöður matsins.
- 3.4. Endurskoðunarnefnd skal yfirfara og endurmeta erindisbréf nefndarinnar að minnsta kosti einu sinni á þriggja ára fresti, kalla eftir samþykki stjórnar fyrir framlögðum breytingum og tryggja að slíkar breytingar séu kynntar á viðeigandi hátt í samræmi við viðeigandi lög og reglur.
- 3.5. Auk þeirra verkefna sem sérstaklega eru talin upp í erindisbréfi þessu getur stjórn bankans falið endurskoðunarnefnd að skoða og fylgja eftir hverskonar álitaefnum varðandi fjárhagsstöðu Íslandsbanka, innra eftirlitskerfi bankans, áhættustýringu eða hlítu við lög, reglur og reglugerðir. Nefndin getur jafnframt tekið slík álitaefni upp að eigin frumkvæði.

- 3.6. Nefndin skal gera tillögur til stjórnar varðandi álitæfni í tengslum við ábyrgðarsvið nefndarinnar sem nefndin hefur orðið vör við og telur að ætti að koma til skoðunar hjá stjórn bankans.

4. Hlutverk endurskoðunarnefndar

Hlutverk endurskoðunarnefndar eru eftirfarandi:

4.1. Vinnuferli við gerð reikningsskila

- 4.1.1. Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, samræmi við reikningsskilastaðla og áreiðanleika fjárhagsupplýsinga.
- 4.1.2. Yfirferð mikilvægra atriða varðandi reikningsskil og birtingu fjárhagsupplýsinga, þ.m.t. flókin eða óvenjuleg viðskipti og matskennda liði, breytingar á reikningsskilaðferðum og tilmæli eftirlits- og fagaðila sem haft geta áhrif á birtingu fjárhagsupplýsinga.
- 4.1.3. Fá kynningu að minnsta kosti hálfárslega frá yfirlögfræðingi bankans um lagaleg álitæfni sem geta verið mikilvæg fyrir árschlutauppgjör og ársreikninginn.

4.2. Innra eftirlit

- 4.2.1. Yfirfara fyrirkomulag og skilvirkni eftirlits með reikningsskilum og fjármálum með ytri endurskoðendum, innri endurskoðanda og fjármálastjóra og gera tillögur til úrbóta á fyrirkomulagi slíks innra eftirlits eða á tilteknum þáttum þar sem endurbætt eða nákvæmara eftirlit eða verklag er æskilegt.
- 4.2.2. Fylgjast með skilvirkni innra eftirlitskerfis bankans, þ.m.t. upplýsingaöryggi og eftirliti því tengdu.

4.3. Áhættustýring

- 4.3.1. Fylgjast með framkvæmd áhættustýringar í samvinnu við áhættunefnd stjórnar.

4.4. Regluvarsla

- 4.4.1. Yfirfara erindisbréf regluvarðar í samvinnu við regluvörð og leggja það fram til samþykktar fyrir stjórn. Slík yfirferð skal eiga sér stað eigi sjaldnar en árlega.
- 4.4.2. Yfirfara skilvirkni eftirlitskerfis bankans með hlítu við lög og reglur ásamt niðurstöðum athugana stjórnenda og eftirfylgni (þ.á.m. viðurlögum) í tilefni af tilvikum þar sem þeim er ekki fylgt.
- 4.4.3. Fara yfir niðurstöður úr athugunum eftirlitseininga og ytri eftirlitsaðila vegna skorts á hlítu við viðeigandi lög og reglur.
- 4.4.4. Fá að lágmarki hálfárslega kynningu á starfsemi Regluvörslu og yfirfara niðurstöður athugana hennar.

4.5. Innri endurskoðun

- 4.5.1. Gera tillögur til stjórnar um val og ráðningu innri endurskoðanda.

- 4.5.2. Að yfirfara, í samvinnu við innri endurskoðanda, erindisbréf Innri endurskoðunar og leggja það fram til samþykktar fyrir stjórn. Slík yfirferð skal eiga sér stað eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- 4.5.3. Að yfirfara endurskoðunaráætlanir, starfsemi, starfsmannamál og skipulag Innri endurskoðunar.
- 4.5.4. Að fá að lágmarki ársfjórðungslega kynningu á helstu niðurstöðum Innri endurskoðunar um skilvirkni og nægjanleika innra eftirlits, áhættustýringar og stjórnarháttá og stöðu eftirfylgni með athugasemdum innri og ytri eftirlitsaðila.
- 4.5.5. Tryggja að engin óréttlæt看leg mörk eða takmarkanir séu á ábyrgðarsviði innri endurskoðunar og aðgangi að upplýsingum og að deildinni séu tryggð skilyrði til að sinna starfi sínu á fullnægjandi hátt.
- 4.5.6. Fylgjast með verklagi við að greina misferli, móttöku tilkynninga um meint misferli og eftirfylgni þeirra.
- 4.5.7. Fá að lágmarki einu sinni á ári kynningu á gæðaeftirlitskerfi Innri endurskoðunar og gera tillögu til stjórnar varðandi ytri úttektaraðila vegna gæðamats á starfsemi Innri endurskoðunar, sem fari fram eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.
- 4.5.8. Meta árlega störf innri endurskoðanda.
- 4.6. **Ytri endurskoðun**
 - 4.6.1. Gera tillögu til stjórnar um val á endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtæki. Tillaga stjórnar bankans skal byggja á tillögu endurskoðunarnefndar.¹
 - 4.6.2. Yfirfara tillögur ytri endurskoðenda varðandi umfang og aðferðafræði endurskoðunar, þ.á.m. samræmingu verkefna endurskoðenda við innri endurskoðun. Jafnframt skal þóknun ytri endurskoðanda vera háð samþykki endurskoðunarnefndar.
 - 4.6.3. Meta sjálfstæði og óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis og hafa yfirumsjón með öðrum verkefnum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis fyrir bankann.
 - 4.6.4. Hafa eftirlit með og yfirfara endurskoðun ársreiknings, samstæðureiknings og könnun á árshlutauppgjörum.
 - 4.6.5. Að minnsta kosti tvisvar á ári skal endurskoðunarnefndin fara yfir árshlutareikning og ársreikning ásamt innri og ytri endurskoðendum og meta hvort ársreikningurinn sé í samræmi við upplýsingar sem nefndarmönnum eru kunnar, og endurspegli viðeigandi reikningsskilareglur.
 - 4.6.6. Yfirfara skýrslur ytri endurskoðenda og stjórnendabréf og viðbrögð stjórnenda við ábendingum ytri endurskoðenda.

¹ Á meðan bankinn er í meirihlutaeigu ríkissjóðs skal framlögð tillaga byggjast á tilmælum ríkisendurskoðanda.

Samþykkt á stjórnarfundum 4. október 2017

Friðrik Sophusson,
Stjórnarformaður

Anna Þórðardóttir,
Formaður endurskoðunarnefndar

Þetta skjal kemur í stað fyrri útgáfu þess dagsettri 9. maí 2016.